

Mál nr. 113/2014

M og
V v. málskostnaðartryggingar í fjölskyldutryggingu.

Gildistaka málskostnaðartryggingar

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 14. apríl ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 30. apríl 2014.

Málsatvik.

Íslenskt fjármálafyrirtæki höfðaði mál á hendur M vegna ágreinings um hvort fasteign M stæði að veði vegna fjárskuldbindinda þriðja aðila. M er með heimilistryggingu hjá V þar sem finna má málskostnaðartryggingu. V hefur hafnað bótaskyldu úr málskostnaðartryggingunni á þeim grundvelli að hún hafi ekki verið í gildi í tvö samliggjandi ár eins og gerð er krafa um í skilmálum vátryggingarinnar þegar ágreiningur kemur upp.

Fyrir liggur að heimilistryggingin var í gildi frá 21.12.2004 til 31.12.2008 og svo frá 28.08.2012. Þann 18.12.2013 var fyrrgreint dómsmál þingfest í héraðsdómi. Þá höfðu liðið rétt tæplega 16 mánuðir frá því að málskostnaðartryggingin tók gildi. Ekki er upplýst í málinu hvort M hafi verið sérstaklega upplýst um tveggja ára regluna í gr. 50.1 við töku vátryggingarinnar.

V hafnaði bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu heimilistryggingar og því var máli þessu skotið til nefndarinnar.

Álit.

Í gr. 50.1 í skilmálum heimilistryggingar V segir að hægt sé að fara fram á að málskostnaður verði greiddur ef vátrygging er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu.

M telur orðalag skilmálanna óljóst og að V verði að bera hallann af því. V hafi samið skilmálana með einhliða hætti og túlka beri óskýra staðlaða samningsskilmála neytanda í hag. Telur M að skýra beri orðalag skilmálanna á þann hátt að nægjanlegt sé að vátryggingin hafi verið í gildi yfir ein áramót en ekki að vátryggingin þurfi að hafa verið í gildi í tvö heil ár áður en ágreiningur kemur upp.

V hafnar bótaskyldu úr málskostnaðartryggingunni á þeim grundvelli að ágreiningur hafi komið upp áður en tvö heil ár hafi liðið frá því að vátryggingin var tekin. Þurfi að liða tvö heil ár frá töku vátryggingarinnar þar til málskostnaðartryggingin tekur gildi að þessu leyti.

Samkvæmt orðskýringu þarf vátryggingin að hafa verið í gildi í tvö heil ár hjá félaginu. Það er ekki nægjanlegt heldur þurfa þessi tvö ár að vera samliggjandi, þ.e. í röð. Ekki er fallist á með M að orðalag skilmálanna sé óskýrt.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 20. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hdl.